

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Valgreinar 8. -10. bekkur Skólaárið haust 2026

Námslýsingar



Hugrökkur ❤️ er ekkert ómögulegt



Kæri nemandi.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur á unglingastigi fái 37 kennslustundir á viku eða 1480 mínútur alls. Þær skiptast í 33 stundir í kjarnagreinum og 4 stundir í valgreinum. Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform eftir því sem hægt er.

Nemendur velja sér nú valgreinar fram að áramótum.

Í þessum bæklingi eru valgreinarnar kynntar og biðjum við ykkur um að lesa kynningarnar vel yfir. Valgreinar eru kenndar á þriðjudögum fram að áramótum. Valgreinar sem kynntar eru á fimmtudögum í þessum bæklingi er bundið val. Nemendur 8. bekkjar fara í leirlist og nemendur í 9. og 10. bekk fara í umferðaröryggisfræðslu þegar þeir eru ekki í VA vali.

Í vetur verða nemendur í 9. og 10. bekk í vali í Verkmenntaskólanum á Norðfirði á fimmtudögum, í 8 vikur hvor bekkur. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel, en þarna gefst nemendum kostur á fjölbreyttu vali, auk þess að kynnast framhaldsskólanum okkar hér í heimabyggð. Nemendur 10. bekkjar byrja, í 8 vikur og síðan taka nemendur 9. bekkjar við.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálsum vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi. Þetta fellur undir svokallað utanskólaval og er skráð á valblaðinu á þriðjudögum. Nemendur hafa þó frjálsar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímana kl. 13.25 – 14:45 á þriðjudögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.10.

Til staðfestingar þátttöku í metnu vali þarf að skila staðfestingu á ástundun í október á þar til gerðu eyðublaði.

Athugið að metið val má að hámarki koma í stað 2 kennslustunda á viku.

Foreldrar bera allan kostnað af tómstundastarfi sem óskað er eftir að fá metið með þessum hætti.

Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á iðkun í metnu vali og skilum á staðfestingu til að starfið fáið metið. Ef breyting verður á, eða nemendur hætta að iðka þá tómstund sem metin er ber að tilkynna það strax til skóla til að hægt sé að bæta inn valgrein strax.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólókið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Allir nemendur 8. – 10. bekkjar velja eina valgrein af þeim valgreinum sem kenndar verða á þriðjudögum fram að áramótum.

Valgreinar kenndar á þriðjudögum frá kl. 13:25- 14:45

Eyrin- Katrín Jóhannsdóttir og Laufey Frímannsdóttir

Nemendur fá tækifæri til að læra á tækin og búnað sem er til staðar ásamt því að læra rétta tækni á lyftum eins og hnébeygjum, réttstöðulyftu og bekkpressu o.fl. Áhersla er lögð á líkamsvitund, rétta líkamsbeytingu, styrk, þol og liðleika. Umræða um heilsu, hreyfingu og holla lífshætti fléttast inn í æfingar.

Markmið

- Kynna ungmennum styrktarþjálfun/lyftingar í tækjasal.
- Auka líkamsvitund og efla sjálfstraust.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Heimilisfræði- Særún Hlín Laufeyjardóttir

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Spænska og spænsk menning- Hafþór Eide Hafþórsson

Nemendur fá tækifæri til að kynna spænskri tungu og fjölbreyttum menningarheimi spænskumælandi landa. Valið er ætlað byrjendum og er lögð áhersla á hagnýta og lifandi spænsku sem nýtist í samskiptum og daglegum aðstæðum.

Nemendur læra meðal annars að kynna sig, heilsa og kveðja, segja frá sjálfum sér, fjölskyldu, áhugamálum og daglegu lífi, auk þess að byggja upp grunnorðaforða og skilning á einföldum setningum og samtölum. Áhersla verður á að nemendur öðlist sjálfstraust til að tala og nota spænsku, frekar en að einblína á málfræði.

Samhliða tungumálinu verður spænsk menning stór hluti valsins. Nemendur kynna Spáni og löndum Rómönsku- Ameríku, meðal annars í gegnum tónlist, matarmenningu, kvikmyndir, íþróttir, hátíðir, ferðalög, sögu og daglegt líf ungs fólks.

Kennslan verður fjölbreytt og byggir meðal annars á samtölum, leikjum, tónlist, myndböndum, verkefnum og kynningum. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í hópum og fá tækifæri til að velja sér spænskumælandi land eða menningartengt viðfangsefni til að kynna fyrir öðrum.

Helstu markmið eru að nemendur:

- öðlist grunnfærni í spænsku og geti átt einföld samskipti,
- byggi upp hagnýtan orðaforða,
- þjálfist í hlustun, tali, lestri og ritun,
- kynnist fjölbreyttri menningu spænskumælandi heimsins,
- öðlist aukið sjálfstraust og áhuga á að læra erlend tungumál.

Hjartasel- Marzenna Bogumila Kowalska

Nemendur vinna undir stjórn starfsmanna Skólasels við ýmis störf sem til falla. Áhersla er lögð á virkni og frumkvæði. Hægt er að velja annað hvort þriðjudaga eða fimmtudaga.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir

Padel- Helga Rún Jóhannsdóttir

Í þessari valgrein fá nemendur tækifæri til að kynna padel, skemmtilegri og krefjandi íþrótt sem sameinar hreyfingu, samvinnu og leikgleði. Nemendur læra undirstöðuatriði í padel, svo sem rétt grip á spaðanum, uppgjöf, móttökur, grunnsög og hreyfingu á vellinum. Áhersla verður lögð á að nemendur taki framförum á sínum eigin forsendum og njóti þess að hreyfa sig í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi.

Nemendur fá einnig tækifæri til að spila leiki, æfa sig með liðsfélögum og kynna helstu reglum íþróttarinnar. Markmiðið er að skapa skemmtilega og hvetjandi tíma þar sem allir geta tekið þátt, óháð fyrri reynslu af padel.

Markmið

- **Að nemendur læri undirstöðuatriði í padel** og geti beitt helstu skotum, hreyfingum og hafi góð tök á leikreglum.
- **Að efla hreyfifærni, samhæfingu og líkamlegt þol** í gegnum fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.
- **Að efla samvinnu, íþróttanda og sjálfstraust** með því að taka þátt í leikjum og æfingum þar sem virðing og jákvætt viðmót eru í fyrirrúmi.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Utanskólalaval – Guðný Helga Grímsdóttir

Nemendur eiga kost á að velja utanskólalaval ef þeir stunda nám í tónlistarskóla með tónfræði, stunda nám í áföngum í framhaldsskóla eða stunda ýmiskonar félags- og/eða íþróttaiðkun eða þjálfun frá september og fram í desember. Ekki er hægt að velja utanskólalaval fyrir nám/íþróttagrein sem stundað verður eftir áramótin.

Metið val fyrir 2 kennslustundir samsvarar tómstundastarfi 3-5 klst. á viku.

Dungens & dragons- Greig Michael Stock

Spunaspil eru vel þekkt fyrir það að stuðla að samskiptum, ímyndunarafli og skapandi eiginleikum. Nemendur læra bæði að spila leikinn í sameiningu og að vinna saman sem hópur til þess að ná markmiðum sínum, auk þess að spreyta sig á því að setja sig í spor annarra með því að leika hlutverk persónu í þeim heimi sem sögumaður setur saman.

Það eru til ýmis konar spunaspil til sem hægt er að spila og prófa, en með þeim frægustu er Dungeons & Dragons sem hefur verið spilað af bæði unglingum og fullorðnum síðan 1974.

Nemendur hafa tækifæri til að spila bæði D&D auk þess að spreyta sig í öðrum áhugaverðum spunaspilum með mismunandi þema og persónur/hlutverk.

Markmið

- **Að efla sköpun og ímyndunarafl** með því að búa til persónur, sögur og ævintýri og taka þátt í sameiginlegum frásögnum.
- **Að efla samvinnu og samskipti** með því að nemendur vinni saman sem hópur, hlusti á hugmyndir annarra, taki tillit til ólíkra sjónarmiða og taki sameiginlegar ákvarðanir.
- **Að þjálfra lausnaleit og gagnrýna hugsun** með því að takast á við þrautir, áskoranir og aðstæður þar sem nemendur þurfa að hugsa skapandi og taka ákvarðanir.

Námsmat byggist fyrst og fremst á virkni, þátttöku og framförum nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í ævintýrunum, vinni vel með öðrum, sýni sköpun og frumkvæði og geti leyst verkefni og áskoranir á skapandi hátt. Nemendur fá reglulega endurgjöf á þátttöku sína og framfarir.

Bundið val 8. bekkur kennt á fimmtudögum frá kl. 13:25- 14:45

Leir- Thelma Rún Magnúsdóttir

Nemendur læra að tileinka sér nokkrar aðferðir leirmótunar t.d. kúluaðferð, plötuaðferð og pulsuaðferð. Nemendur glerja hlutina. Lögð áhersla á hugmyndavinnu í öllum verkefnum.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Bundið val 9. og 10. bekkur á móti VA á fimmtudögum frá kl. 13:25-14:45

Áhrifavaldur í umferðinni, Umferðaröryggisfræðsla- Heiðrún Ósk Ölversdóttir Michelsen

Nemendur fá tækifæri til þess að kynnast umferðarmenningu og mannlegum þætti umferðarinnar: umferðin er flókið samfélagslegt fyrirbæri þar sem einstaklingar þurfa að taka ákvarðanir í síbreytilegu umhverfi, oft undir álagi, í samspili við aðra, oftast ókunnuga og með takmarkaðan tíma til umhugsunar þar sem hlutirnir gerast hratt í umferðinni. Þegar litið er til slysatíðni og áhættuhegðunar í umferðinni kemur í ljós að ungmenni eru sérlega viðkvæmur hópur. Þau eru að móta sjálfsmynd sína, þróa með sér sjálfstæði og sækjast gjarnan eftir viðurkenningu frá jafnöldrum, allt á sama tíma og þau eru að hefja þátttöku í umferðinni sem ökumenn eða annarskonar vegfarendur

Markmið

- Að efla meðvitund, ábyrgð og gagnrýna hugsun ungmenna.
- Að nálgast umferð frá mannlegu sjónarhorni, með áherslu á tilfinningar, val, áhrif og hegðun.
- Að stuðla að auknu öryggi og betri þátttöku í umferðarsamfélaginu.

Námsmat

Nemendur verða metnir eftir þátttöku í kennslustundum, í einstaklings- og hópavinnu.